



Reykjavík, 26. júní 2026  
PON25050003

**Efni: Heimild til að hefja vinnu við að birta innsendar umsóknir frá Mínum síðum Reykjavíkur inn á Ísland.is**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu við að birta innsendar umsóknir sem íbúar hafa sent í gegnum Mínar síður Reykjavíkur inn á Ísland.is. Íbúar geta þá fylgst með stöðu umsókna á Ísland.is en nánari upplýsingar og fylgigögn verða áfram aðgengileg á Mínum síðum Reykjavíkur. Verkefnið miðar að því að bæta aðgengi og skapa samræmda yfirsýn þvert á sveitarfélög.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá september 2026 til og með nóvember 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 1,86 m.kr., sem tilheyrir eignarsjóði á framkvæmdartíma.

Gert er ráð fyrir að af heildarkostnaði verði 1,56 m.kr. varið til aðkeyptrar sérfræðipjónustu, sem fellur undir þjónustusamninga, sem gerðir verða að undangenginni verðfyrirspurn samkvæmt 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, á vegum skrifstofu gagna og hugbúnaðarþróunar Reykjavíkurborgar, sem annast samningagerð og umsýslu. Eftirstöðvar kostnaðar eru vegna vinnu starfsfólks hugbúnaðarþróunar.

Óskað er eftir að borgarráð taki erindið til afgreiðslu.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

**Fylgiskjöl:**

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Reykjavík, (8.6.2026)

Verkefnaráðsfundur: 4.6.2026

## Mínar síður - birting umsókna á island.is

---

### **Samantekt:**

Í dag eru umsóknir og mál borgarbúa á mörgum ólíkum stöðum og því getur verið erfitt fyrir notendur að átta sig á stöðu sinna mála. Lagt er til að allar innsendar umsóknir borgarbúa hjá Reykjavíkurborg verði einnig sýnilegar á Ísland.is til þess að bæta aðgengi og yfirsýn yfir mál borgarbúa. Með þessari breytingu verður hægt að sjá stöðu umsókna á Ísland.is en nánari upplýsingar og fylgigögn verða áfram aðgengileg á Mínum síðum Reykjavíkur. Verkefnið styður þannig við markmið um samræmda stafræna þjónustu þvert á sveitarfélög og stjórnsýslustig og á að auðvelda borgarbúum að fylgjast með sínum málum.

**Áætluð tímalengd verkefnis:** 3 mánuðir

**Skor í Fylki frá verkefnaráði PON:** 2,67

### Ábati 33%: 3

Ábati verkefnisins er í takt við ákall ríkis þar sem þetta er skref í átt að aukinni stærðarhagkvæmni sem getur átt sér stað með samræmdri þjónustu þvert á sveitafélög.

### Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 2

Verkefnið nútímavæðir innviði og og auðveldar yfirsýn yfir mál borgarbúa. Skref í átt að samræmdri stafrænni þjónustu þvert á sveitafélög.

### Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á íbúa Reykjavíkurborgar þar sem þessi breyting um bæta aðgengi og yfirsýn yfir mál þeirra.

### Lagalegar kröfur – Nei

Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllst,  
Verkefnaráð  
Þjónustu og nýsköpunarsvið



**Reykjavík**



Reykjavík, 26. júní 2026  
PON25050003

**Greinargerð:**

Verkefnið felst í að gera íbúum Reykjavíkur kleift að sjá allar umsóknir sem þeir hafa sent Reykjavíkurborg á Ísland.is ásamt stöðu þeirra. Nánari upplýsingar um umsóknir, samskipti og fylgigögn verða áfram aðgengileg á Mínum síðum Reykjavíkur og geta notendur farið þangað beint frá Ísland.is án þess að auðkenna sig að nýju með rafrænum skilríkjum.

Í dag eru umsóknir og mál borgarbúa sem snúa að þjónustu ríkis og sveitarfélaga aðgengileg á ólíkum stöðum. Það getur gert notendum erfitt fyrir að fá heildstæða yfirsýn yfir mál sín og fylgjast með stöðu umsókna. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi að upplýsingum og skapa samræmda yfirsýn yfir mál borgarbúa, óháð því hvort þjónustan er veitt af ríki eða sveitarfélagi.

Með verkefninu tekur Reykjavíkurborg virkan þátt í uppbyggingu sameiginlegra stafrænna innviða hins opinbera í samstarfi við Stafrænt Ísland. Verkefnið styður við þróun samræmdrar þjónustuupplifunar þvert á stjórnsýslustig og auðveldar borgarbúum að nálgast upplýsingar um mál sín á einum stað. Jafnframt byggir verkefnið á þeirri þróun sem þegar hefur átt sér stað, þar sem nokkrar umsóknarleiðir sveitarfélaga hafa verið samræmdar á Ísland.is, og er því eðlilegt næsta skref að gera einnig kleift að birta stöðu allra umsókna Reykjavíkurborgar á sama stað.

Ávinningur verkefnisins felst fyrst og fremst í bættri þjónustu við borgarbúa. Með auknu aðgengi og betri yfirsýn verður einfaldara fyrir notendur að fylgjast með framvindu sinna mála, sem stuðlar að auknu gagnsæi og bættri þjónustuupplifun.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 1,86 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2102 (Áhöld, tæki og hugbúnaður). Verkefnaklassi: 80014 (Vöruþróun og stafvæðing ferla).

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,  
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga



Reykjavík



# Mínar síður - Birting umsókna á Ísland.is

Búi Aðalsteinsson stafrænn leiðtogi

Dagrún Ósk Jónasdóttir vörustjóri

Óskar Sandholt eigandi verkefnis




# Í hnotskurn

Lagt er til að allar innsendar umsóknir borgarbúa hjá Reykjavíkurborg verði einnig sýnilegar á Ísland.is til að bæta aðgengi og yfirsýn yfir mál á einum stað.

Í dag eru umsóknir og mál borgarbúa á mörgum ólíkum stöðum og því getur verið erfitt fyrir notendur að átta sig á stöðu sinna mála. Með þessari breytingu verður hægt að sjá stöðu umsókna á Ísland.is en nánari upplýsingar og fylgigögn verða áfram aðgengileg á Mínum síðum Reykjavíkur.

Verkefnið styður þannig við markmið um samræmda stafræna þjónustu þvert á sveitarfélög og stjórnsýslustig og á að auðvelda borgarbúum að fylgjast með sínum málum.





# Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármögnun uppá 1,86 m.kr. fyrir þróunarteymi Minna síðna
- Óskað eftir að teymi Minna Síðna Reykjavíkur sjái um þróunarvinnu í samstarfi við Stafrænt Ísland





# Áskorun

Umsóknir borgarbúa liggja á mörgum stöðum sem gerir þeim erfitt fyrir að finna sín mál á einum stað.

## Núverandi staða

- Notendur hafa ekki heildstæða yfirsýn yfir umsóknir og öll sín mál sem snúa að sveitarfélögum og ríki. Umsóknir liggja á mörgum stöðum og stundum er erfitt að finna sín mál.
- Þrjár umsóknir hafa verið færðar yfir á Ísland.is og gerðar samræmdar þvert á sveitarfélög, s.s. umsókn um fjárhagsaðstoð, innritun í grunnskóla og umsókn um nýjan grunnskóla.

## Markmið

- Bætt yfirsýn og samræmd þjónusta þvert á stjórnvaldseiningar.
- Aðgengi og yfirsýn óháð upphafsstað, tryggja að borgarbúar finna það sem þeir leita að.

## Lausn

- Allar innsendar umsóknir sem borgarbúar eiga hjá Reykjavík verða sýnilegar inná Ísland.is, ásamt stöðu umsókna.
- Notendur geta með samræmdri innskráningu smeltt á innsenda umsókn á Ísland.is og komist beint inn á Mínar síður Reykjavíkur til þess að skoða innsendar upplýsingar og fylgigögn.

Lagaleg krafa til staðar: Nei



# Umfangsmat



- Kostnaður verkefnis er **1,86 m.kr.** og tími starfsfólks áætlaður **3 mán.** tímabili.

## Kostnaður mannauðs

**Heild: 300 þús.kr.**

### Á fjárfestingu:

- Teymisstjóri 225 þús.kr.
- Tæknistoð 75 þús.kr.

### Á rekstri:

- Vörustjóri

Teymið samanstendur af ólíkum stöðugildum í mismunandi starfshlutföllum, sjá næstu glæru

## Aðkeypt þjónusta

**Heild: 1,56 m.kr.**

### Á fjárfestingu:

#### Verktakar í þróunarteymi MS:

- Bakendaforritari 1,18 þús.kr.
- QA/Prófari 378 þús.kr.

## Rekstrarkostnaður

Svið sem óskar eftir verkefni:  
**ÞON**

Rekstrarkostnaður verkefnis mun falla undir rekstrarkostnað Minna síðna.

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja aukið fjármagn í ramma ef af verkefninu verður **NEI**





# Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 árs tímabil

## Mælanlegur ábati

- Enginn mælanlegur ábati
- Samrekstur            Já

## Ómælanlegur ábati

- Í dag eru umsóknir á fleiri en einum stað og yfirsýn notenda er takmörkuð
- Verkefnið á að bæta aðgengi og skapa samræmda yfirsýn þvert á sveitarfélög

## Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

- Það er ekki augljós ávinningur annar en bætt aðgengi að upplýsingum og yfirsýn notenda. Erfitt að mæla þá þjónustubætingu.

## Kostnaður

- 1,86 m.kr í þróunarkostnað hjá Mínum síðum Reykjavíkur







# Næstu skref



- Uppsetning á Xroad fyrir tengingu
- Tæknileg skjölun
- Útfæra tengingu við IDS hjá Ísland.is
- Útfæra endapunkt á Mínum síðum Reykjavíkur til að skila innsendum umsóknum
- Samskipti og samstarf um tæknilega högun með teymi Stafræns Íslands



# Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármögnun uppá 1,86 m.kr. fyrir þróunarteymi Minna síðna
- Óskað eftir að teymi Minna Síðna Reykjavíkur sjái um þróunarvinnu í samstarfi við Stafrænt Ísland





Reykjavík